

A 1857/tillvæxt**Afgreiðsla** Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Nefndarálit norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar um:

**Þingmannatillögu
um aðgerðir til að hamla á móti brotastarfsemi í byggingariðnaði****Tillaga**

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda

að þær efli samstarf og skipti á upplýsingum, sem auðveldi eftirlit með fyrirtækjum í byggingariðnaði sem starfa á mörgum Norðurlandanna og auki skilvirkni vinnu að greiningu á og í því skyni að komast hjá brotastarfsemi á vinnumarkaði

að þær komi á fót landsbundnum skráum yfir fyrirtæki í byggingariðnaði til nota í opinberum útboðum og útboðum einkaaðila og að leyfður verði gagnkvæmur aðgangur að þessum skráum milli hlutaðeigandi yfirvalda á Norðurlöndunum

að þær samræmi stefnu sína að því er varðar evrópskan vettvang gegn svartri atvinnustarfsemi

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún efli og þrói áfram norrænt samstarf um aðgerðir til að koma í veg fyrir brotastarfsemi á vinnumarkaði, með áherslu á byggingariðnað

Bakgrunnur

Norræn vinstri græn kynntu á fundi í Norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndinni þann 27. október 2020 tillögu um að Norðurlandaráð beindi þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda:

- *að þær komi á fót landsbundnum skráum yfir fyrirtæki í byggingariðnaði til nota í opinberum útboðum og útboðum einkaaðila*
- *að skrárnar geymi eftirfarandi upplýsingar: persónu- og fyrirtækjaskatt, raunverulegt eignarhald á fyrirtæki, fyrirtækjabókhalð, gjaldþrot og gjaldþrotasögu með og án persónuupplýsinga, virðisaukaskatts- og skattgreiðslur, skuldir við hið opinbera*
- *að leyfður verði gagnkvæmur norrænn aðgangur að þessum skráum í löndunum*



- að gildandi löggjöf verði endurskoðuð svo að hefja megi skráningu þessa í löndunum og gagnkvæman norrænan aðgang að skránum
- að kveðið verði á um endurskoðunarskyldu allra fyrirtækja, einnig sjálfstætt starfandi

Í rökstuðningi með tillöggunni er þess getið að brotastarfsemi á vinnumarkaði eigi sér stað þvert á landamæri og því, samkvæmt tillöggunni, felst norrænt notagildi í að efla sameiginlegar aðgerðir gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði. Núverandi lög og reglur í löndunum ásamt skráum teljast ekki vera fullnægjandi.

Nefndin ákvað að bjóða Norrænu ráðherranefndinni á væntanlegan fund til að ræða þá áskorun sem tillagan tekur á.

Ville Kopra, aðstoðarmaður finnska atvinnu- og efnahagsmálaráðherrans, mætti á fund nefndarinnar 26. janúar. Ville Kopra tók til máls fyrir hönd atvinnumálaráðherra Finnlands, Tuula Haatainen, sem er formaður MR-A árið 2021.

Ville Kopra lét í ljós að norrænt samstarf um aðgerðir til að koma í veg fyrir brotastarfsemi á vinnumarkaði væri brýnt og mikilvægt. Norrænt samstarf hefur áður haft þetta viðfangsefni á dagskrá og það stuðlaði að miðlun reynslu milli yfirvalda vinnuumhverfismála á Norðurlöndunum. Þess er vænst að aðgerðir til að sporna gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði verði liður í samstarfsáætlun MR-A á tímabilinu 2022 til 2024. Eins og bent er á í þingmannatillöggunni, þá er byggingariðnaðurinn áhættugrein. Þar er einnig um að ræða sameiginlegan norrænan vinnumarkað. Ville Kopra benti á að miðlun upplýsinga milli stjórnvalda í löndunum lyti bæði reglum í löndunum og gagnaverndartilskipun Evrópusambandsins. Evrópskur vettvangur gegn svartri atvinnustarfsemi („European platform against undeclared work“ var settur á fót árið 2016) vinnur að því að auka samstarf milli Evrópuríkja og þar er meðal annars unnið að úttekt á hvernig megi aflétta takmörkunum á upplýsingamiðlun milli stjórnvalda.

Sjónarmið nefndarinnar

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin styður markmið tillögunnar um að Norðurlöndin ættu að standa saman og eiga samstarf í baráttunni gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði. Ennfremur að norrænt notagildi felist í að efla sameiginlegar aðgerðir gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði og samræma stefnu sína að því er varðar vettvang Evrópusambandsins um óskráða atvinnustarfsemi. Reynslan sýnir að sameinuð standa Norðurlöndin sterkari fótum innan Evrópusambandsins.

Brotastarfsemi á vinnumarkaði ógnar norræna samfélagslíkaninu og henni ber að berjast gegn með núverandi tækjum og þróa nýjar lausnir. Miklu skiptir að leikreglum vinnumarkaðarins sé fylgt og að stutt sé við skilvirkt eftirlit og það þróað áfram.

Nefndin telur að hægt ætti að vera að gera ríkar kröfur til fyrirtækja í byggingariðnaði með starfsemi í mörgum Norðurlandanna. Á sama tíma er mikilvægt að eftirlit og reglur bitni ekki á frjálstri för og að ekki verði lagðar þungar stjórnsýslubyrðar á lítil og meðalstór fyrirtæki.



Nefndin veitir því eftirtekt að miðlun upplýsinga milli stjórnvalda í löndunum lýtur reglum og takmörkunum, bæði í löndunum og með gagnaverndartilskipun Evrópusambandsins.

Sér til ánægju veitir nefndin því eftirtekt að finnska formennskuáætlunin í Norrænu ráðherranefndinni 2021 vinnur að því að aðgerðir til að sporna gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði verði teknar með í samstarfsáætlun MR-A á tímabilinu 2022 til 2024.

Nefndin styður markmið þingmannatillögunnar en telur að þessa stundina sé ekki grundvöllur til að tíunda aðgerðir í þeim mæli sem tillagan segir til um. Nefndin leggur því til að tillagan verði endurskoðuð sem hér segir:

Að ríkisstjórnir norrænu landanna:

- efli samstarf og skipti á upplýsingum, sem auðveldi eftirlit með fyrirtækjum í byggingariðnaði sem starfa á mörgum Norðurlandanna og auki skilvirkni vinnu að greiningu á og í því skyni að komast hjá brotastarfsemi á vinnumarkaði,
- komi á fót landsbundnum skráum yfir fyrirtæki í byggingariðnaði til nota í opinberum útboðum og útboðum einkaaðila og að leyfður verði gagnkvæmur aðgangur að þessum skráum milli hlutaðeigandi yfirvalda á Norðurlöndunum,
- samræmi stefnu sína að því er varðar evrópskan vettvang gegn svartri atvinnustarfsemi.

Að Norræna ráðherranefndin:

- efli og þrói áfram norrænt samstarf um aðgerðir til að koma í veg fyrir brotastarfsemi á vinnumarkaði, með áherslu á byggingariðnað.

Norðurlöndum, 13. apríl 2021

Anders Eriksson (ÅF)

Eveliina Heinäluoma (sd)

Helge André Njåstad (FrP)

Juhana Vartiainen (saml)

Lulu Ranne (saf)

Mette Hjermind Dencker (DF)

Orla Hav (S)

Pyry Niemi (S)

Ruth Mari Grung (A)

Sofia Westergren (M)

Stein Erik Lauvås (A)

Torhild Bransdal (KrF)

Ný tillaga:

Norræn vinstri græn leggja til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda



að þær komi á fót landsbundnum skráum yfir fyrirtæki í byggingariðnaði til nota í opinberum útboðum og útboðum einkaaðila,

að skrárnar geymi eftirfarandi upplýsingar: Persónu- og fyrirtækjaskatt, raunverulegt eignarhald á fyrirtæki, fyrirtækjabókhald, gjaldprot og gjaldprotasögu með og án persónuupplýsinga, virðisaukaskatts- og skattgreiðslur, skuldir við hið opinbera

að leyfður verði gagnkvæmur norrænn aðgangur að þessum skráum í löndunum,

að gildandi löggjöf verði endurskoðuð svo að hefja megi skráningu þessa í löndunum og gagnkvæman norrænan aðgang að skránum,

að kveðið verði á um endurskoðunarskyldu allra fyrirtækja, einnig sjálfstætt starfandi

Norðurlöndum, 28. júní 2021

Freddy André Øvstegård (SV)
Joakim Strand (sv)

Lorena Delgado Varas (V)